

Skýrsla Æskulýðsnefndar hestamannafélagsins Smára 2006

Starf Æskulýðsnefndar er rólegt fyrstu mánuði ársins þar sem aðstæður til hestamennsku barna eru takmarkaðar á þeim tíma sökum veðráttu og aðstöðuleysis.

Í febrúar var reiðtyggjadagur haldinn í húsi slökkviliðsins á Flúðum. Þar komu um 50 börn með hnakka og beisli og fengu leiðsögn hjá Lindu Högnadóttur frá Baldvin og Þorvaldi Selfossi en hún kom með olíur og áhöld til verksins. Gaman var hve aldursdreifingin var mikil en yngsti þátttakandinn var 3 ára og bar á sinn múl með sóma. Á eftir fengu allir pizzur og gos.

Í mars var að vanda farið á sýninguna Æskan og hesturinn í Reiðhöllinni í Víðidal. Nefndin borgaði rútuna en einnig var farið á einkabílum. Þátttaka var mjög góð en um 50 manns fóru í ferðina börn og fullorðnir. Eftir mikla skemmtiveislu í Reiðhöllinni var haldið á Pissa Hut í mikla pizzuveislu.

Í apríl var auglýst reiðnámskeið á Brúnavöllum og var þátttaka framan vonum og mjög aldurs- og getudreifð. Þá var ákveðið að hafa tvær helgar þar sem aldur og hæfni réðu hópaskiptingu. Yngri hópurinn samanstóð af 5-8 ára börnum sem tóku miklum framförum en sum höfðu ekki farið áður á hestbak. Eldri hópurinn og vanari gerðu flóknari æfingar og krafist var meira af þeim. Kennarar á námskeiðinu voru Sólveig Ólafsdóttir og Hermann Karlsson sem sýndu að vanda fagmennsku og þolinmæði. Þau buðu upp á gistingu fyrir hrossin og góða aðstöðu í alla staði.

5.-7. maí var farið að Hestheimum með unglingana. Þátttakendur komu með sína hesta og kennt var í hópum þar sem reiðhöllin var nýtt út í ystu æsar og landsliðsæfingar framtíðarinnar þjálfaðar ! Aðstaðan í Hestheimum er frábær og hægt að gera skemmtilega hluti með flottum krökkum. Gist var eina nótt og veitingar þáðar hjá Ástu Beggu í Hestheimum. Veðrið var stórkostlegt og krakkarnir undu vel við nám og leik. Hópurinn var stór og fjörugur og fóru flestir heim ánægðir en þreyttir, en að sjálfsögðu hefði eitthvað mátt betur fara, það gengur bara betur næst. Kennarai var Hermann Karlsson sem nú sem endranær sýndi ótakmarkaða þolinmæði og náði því besta úr börnum og hrossum.

Félagið tók þátt í niðurgreiðslu fyrir börn í félaginu á námskeiðum sumarsins á Brúnavöllum. Mikill fjöldi barna sótti þau og samstarfið við Brúnavallabændur hefur gengið mjög vel.

Í lok ágúst var haldinn Æskulýðsdagur í Torfdalnum á Flúðum þar sem Æskulýðsnefndin í samstarfi við aðrar nefndir innan Smára bauð upp á skemmtidag fjölskyldunnar með hestum. Keppni, þrautir, leikir og margar kynslóðir tóku þátt og skemmtu sér hið besta í síðsumarblíðunni.

Nú er enn bjartari tíð framundan með væntanlegri reiðhöll verður hægt að bjóða fjölbreyttari og lengri starfssemi Æskulýðsnefndar Smára.

Æskulýðsnefnd Smára skipa
Ása María Ásgeirsdóttir formaður
Ragnheiður Másdóttir
Kolbrún Kristjánsdóttir
Pór Guðnason
Stefanía Sigurðardóttir